

UNDIRBÚNINGUR RÝNIFUNDA

30. UTANRÍKISTENGLS ESB 31. SAMEIGINLEG UTANRÍKIS- OG ÖRYGGISSTEFNA ESB 1. Málefni sem varða kafla 30 og 31

Yfirlit yfir sjónarmið sem taka þarf tillit til vegna sérstöðu Íslands

Samningahópur um utanríkisviðskipti, utanríkis- og öryggismál hefur unnið greinargerð um málefni sem varða kafla 30 og 31 almennt og heildstætt. Greinargerðin fjallar einkum um eftirfarandi þætti:

1. Breytingar eða uppsögn á samningum Íslands við ríki eða ríkjahópa og aðild að nýjum samningum Evrópusambandsins (ESB) eða ESB og aðildarríkja sambandsins við ríki eða ríkjahópa.
2. Aðstoð ESB við umsóknarríki með upplýsingamiðlun, tæknilegri aðstoð og fjárhagsaðstoð.
3. Embætti talsmanns sameiginlegrar stefnu ESB í utanríkis- og öryggismálum og utanríkisþjónustu ESB sem tók til starfa 1. desember 2010.

Ofangreind málefni varða heildstætt utanríkistengsl ESB og almenn áhrif hugsanlegrar aðildar Íslands og stöðu sem umsóknarríkis.

Breytingar eða uppsögn á samningum Íslands við ríki eða ríkjahópa og aðild að nýjum samningum ESB eða ESB og aðildarríkja ESB við ríki eða ríkjahópa

Ísland hefur gert fjölda samninga við erlend ríki og heildarskrá er að finna á heimasíðu utanríkisráðuneytisins.¹ Ef til aðildar kemur er miðað við að Ísland segi upp eða breyti samningum sínum við erlend ríki í samræmi við regluverk ESB. Ef samningar í heild falla undir svið þar sem ESB hefur fullar valdheimildir og samræmast ekki regluverki ESB er miðað við að Ísland segi þeim upp eða breyti í samræmi við regluverk ESB. Ef um blandaða samninga er að ræða (nær yfir svið þar sem ESB og aðildarríki ESB fara sameiginlega með valdheimildir eða hluti af efni samnings fellur undir fullar valdheimildir ESB og hluti undir valdheimildir aðildarríkja) sem samræmast ekki regluverki ESB er miðað við að Ísland breyti þeim hluta þeirra sem er í ósamræmi við regluverk ESB.² Gera má ráð fyrir að ef Íslandi tekst ekki að semja við erlent ríki um breytingar á samningum í samræmi við regluverk ESB beri að segja þeim upp. Ef til aðildar kemur er gerð sú krafa um að Ísland gerist aðili að eða fullgildi fjölda samninga ESB eða ESB og aðildarríkja við erlend ríki eða ríkjahópa. Unnið er að því að kortleggja þessa samninga í samningahópnum.

Samningahópurinn telur rétt að á rýnifundinum varðandi kafla 30 sem nær m.a. yfir milliríkjasamninga verði vakin athygli framkvæmdastjórnar ESB á eftirfarandi:

1. Unnið er að gagnagrunni um milliríkjasamninga sem hugsanleg aðild að ESB myndi varða. Með gagnagrunninum fæst gott yfirlit yfir samninga sem þarf að taka upp samningaviðræður um eða hugsanlega segja upp þar sem aðrir samningar komi í stað þeirra. Að lokinni rýnivinnu verður hægt að greina frekar og leggja mat á og gera áætlun um hvernig staðið yrði að slíku. Meta þarf frekar skuldbindingar Íslands og áhrif hugsanlegrar aðildar með hliðsjón af niðurstöðum þessarar vinnu.

¹ <http://www.utanrikisraduneyti.is/media/Thjodrettarfr/samningaskra01012005.doc>

² Sjá greinargerð um sameiginlegu viðskiptastefnu ESB þar sem gerð er grein fyrir uppsögnum og breytingum á viðskiptasamningum ef til aðildar kemur.

2. Eins og fram kemur í greinargerð um sjávarútvegsmál að því er varðar samskipti við þriðju ríki og alþjóðastofnanir er lögð áhersla á að Ísland tali eigin máli á vettvangi alþjóðastofnana í alþjóðasamningum með eins víðtækum hætti og unnt er enda um grundvallarhagsmuni þjóðarinnar að tefla efnahagslega, sbr. álit meirihluta utanríkismálanefndar Alþingis.

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

Samningahópur um utanríkisviðskipti, utanríkis- og öryggismál

1. Greinargerð til aðalsamninganefndar um yfirferð rýniblaða í samningahópum

30. kafli utanríkistengsl

31. kafli utanríkis- og öryggismál

Samantekt um málefni sem varða kafla 30 og 31

Gerðir rýndar á tímabilinu desember 2010 til janúar 2011

Í þessari greinargerð (1) er að finna samantekt um málefni sem varða kafla 30 og 31 almennt og heildstætt. Greinargerðin fjallar einkum um eftirfarandi þætti:

1. Breytingar eða uppsögn á samningum Íslands við ríki eða ríkjahópa og aðild að nýjum samningum ESB eða ESB og aðildarríkja ESB við ríki eða ríkjahópa.
2. Aðstoð ESB við umsóknarríki með upplýsingamiðlun, tæknilegri aðstoð og fjárhagsaðstoð.
3. Embætti talsmanns sameiginlegrar stefnu ESB í utanríkis- og öryggismálum og utanríkisþjónustu ESB sem tók til starfa 1. desember 2010.

Ofangreind málefni varða heildstætt utanríkistengsl Evrópusambandsins og almenn áhrif hugsanlegrar aðildar Íslands og stöðu sem umsóknarríkis.

Hvað varðar efnislegar meginstefnur, sem eru sameiginleg viðskiptastefna ESB, þróunarsamvinnustefna ESB og sameiginleg stefna ESB á sviði utanríkis- og öryggismála, verður gerð grein fyrir þeim í sérstökum greinargerðum (nr. 2, 3 og 4) um kafla 30 og 31.

1. Milliríkjasamningar og alþjóðasamningar. Hugsanlegar breytingar eða uppsögn samninga Íslands og aðild að samningum ESB og aðildarríkja þess

Efni

Evrópusambandið fer með fyrirsvar og gerir samninga í þeim tilvikum þar sem það hefur fullar valdheimildir (e. *exclusive competence*), eins og fram kemur í 3. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (SSE)³, t.d. viðskiptasamninga við ríki utan sambandsins⁴ og gerð alþjóðasamninga sem tengjast regluverki ESB⁵. Slíkir samningar veita aðildarríkjunum réttindi og leggja á þau skyldur skv. efni sínu.

Þar sem ESB og aðildarríki þess fara sameiginlega með valdheimildir⁶ (e. *shared competence*) geta þau gert samninga sameiginlega, en þetta á t.d. við á sviði umhverfismála, samgöngumála o.fl. Slíkir samningar nefnast blandaðir samningar (e. *mixed agreements*). Einnig geta ESB og aðildarríkin gert blandaða samninga yfir svið þar sem annars vegar ESB

³ “Treaty on the Functioning of the European Union” eins og honum var síðast breytt með Lissabon-sáttmálanum sem tók gildi 1. desember 2009.

⁴ T.d. fríverslunarsamninga.

⁵ Vísað er til greinargerðar um sameiginlegu viðskiptastefnu ESB þar sem er að finna yfirlit yfir slíka samninga.

⁶ Skv. 4. grein SSE.

fer með fullar valdheimildir og hins vegar svið þar sem aðildarríki ESB fara með valdheimildir

Regluverk ESB hefur ekki bein áhrif á réttindi og skyldur sem eiga stoð í milliríkjasamningum sem umsóknarríki hafa gert fyrir aðild.⁷ Þó má aðildarríki ekki beita réttindum og skyldum á grundvelli slíks samnings ef hann er í andstöðu við grundvallarregluverk ESB.

Ef slíkir milliríkjasamningar eru andstæðir regluverki ESB eiga ríkin að leita viðeigandi leiða til þess að breyta samningunum til að þeir samræmist skyldum þeirra sem aðildarríkis innan regluverks ESB. Talið er hagkvæmast, ef sá möguleiki er fyrir hendi, að semja við erlenda ríkið um að breyta hluta milliríkjasamnings. Slíkar viðræður eru oft umfangsmiklar, erfiðar og tímafrekar. Í slíkum tilfellum er oft um blandaða samninga að ræða og þá geta haldið gildi sínu þeir hlutar samninga sem eru í samræmi við regluverk ESB eða falla ekki undir fullar valdheimildir ESB. Í framkvæmd hefur komið upp sú staða að ríki utan sambandsins eru ekki tilbúin, t.d. vegna pólitískra aðstæðna, að semja um breytingar á samningi í samræmi við regluverk ESB. Evrópuþómsráðið hefur lagt ríka áherslu á að í slíkum tilfellum ber aðildarríki að segja upp samningum.⁸ Í flestum samningum er að finna uppsagnarákvæði. Einnig er í Vínarsamningnum um alþjóðasamningarétt (e. *Vienna Convention on the Law of the Treaties*) frá 1969 að finna ákvæði um einhliða uppsögn samninga.

Í kjölfar dóma Evrópuþómsráðsins um uppsögn og breytingar á milliríkjasamningum nýrra aðildarríkja ESB var tekið upp í lög í tengslum við aðildarsamning Mið- og Austur-Evrópuríkja frá 2003 og viðauka í tengslum við aðildarsamning Búlgaríu og Rúmeníu frá 2005⁹ ítarlegt ákvæði um uppsögn og breytingar á milliríkjasamningum.

Þar er einnig kveðið á um að ný aðildarríki verði við aðild bundin af gildandi samningum ESB við erlend ríki, ríkjahópa, alþjóðastofnanir og ríkisborgara erlends ríkis. Sama gildir um blandaða samninga sem í gildi eru, svo og samninga sem aðildarríki ESB hafa gert og tengjast áður nefndum samningum.

Algengast er að samið sé við erlend ríki og aðra samningsaðila, um aðild nýrra ríkja að ofangreindum samningum ESB og aðildarríkja ESB. Fer Evrópusambandið almennt fyrir þeim samningum og er samtímis samið um mögulegar breytingar á samningunum. Nýtt aðildarríki á að vera jafnsett öðrum aðildarríkjum ESB samkvæmt slíkum samningum.

Áhrif

Ísland hefur gert fjölda samninga við erlend ríki og heildarskrá er að finna á heimasíðu utanríkisráðuneytisins.¹⁰ Með hliðsjón af fyrri aðildarsamningum og dómafordæmum Evrópuþómsráðsins, sbr. það sem getið er um hér að ofan, er miðað við ef til aðildar kemur að Ísland segi upp eða breyti samningum sínum við erlend ríki í samræmi við regluverk ESB. Ef samningar í heild falla undir svið þar sem ESB hefur fullar valdheimildir og samræmist ekki regluverki ESB er miðað við að Ísland segi þeim upp eða breyti í samræmi við regluverk

⁷ Skv. 1. mgr. 351. gr. SSE.

⁸ T.d. Mál C-170-98 Framkvæmdastjórnin gegn Belgíu, mál C-62/98 Framkvæmdastjórnin gegn Portúgal, Mál C-84/98 Framkvæmdastjórnin gegn Portúgal og mál C 203/03 Framkvæmdastjórnin gegn Austurríki.

⁹ 6. gr. laga og viðauka í tengslum við aðildarsamninga Mið- og Austur-Evrópuríkja frá 2003 og aðildarsamninga Búlgaríu og Rúmeníu frá 2005, sjá slóðirnar:

<http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2003:236:0033:0049:EN:PDF> og

<http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2005:157:0029:0045:EN:PDF>

¹⁰ <http://www.utanrikisraduneyti.is/media/Thjodrettarfr/samningaskra01012005.doc>

ESB. Ef um blandaða samninga er að ræða sem samræmast ekki regluverki ESB er miðað við að Ísland breyti þeim hluta þeirra sem er í ósamræmi við regluverk ESB.¹¹ Miðað við fyrri aðildarsamninga og dómafordæmi Evrópuþingsmálsins, sbr. það sem getið er um hér að ofan, má gera ráð fyrir að ef Íslandi tekst ekki að semja við erlent ríki um breytingar á samningum í samræmi við regluverk ESB beri að segja þeim upp.

Í utanríkisráðuneytinu er unnið að gagnagrunni um milliríkjasamninga sem hugsanleg aðild að ESB myndi varða. Með gagnagrunninum fæst gott yfirlit yfir samninga sem þarf að taka upp samningaviðræður um eða hugsanlega segja upp þar sem aðrir samningar komi í stað þeirra. Að lokinni rýnivinnu verður hægt að greina frekar og leggja mat á og gera áætlun um hvernig staðið yrði að slíku. Meta þarf frekar skuldbindingar Íslands og áhrif hugsanlegrar aðildar með hliðsjón af niðurstöðum þessarar vinnu.

Ef til aðildar kemur er gerð sú krafa að Ísland gerist aðili eða fullgildi fjölda samninga ESB eða ESB og aðildarríkja við erlent ríki. Unnið er að því að kortleggja þessa samninga í öllum samningahópum.

Gera má ráð fyrir því að í fyrirhuguðum aðildarsamning Íslands um aðild að ESB eða skjölum í tengslum við hann verði að finna hliðstætt ákvæði um milliríkjasamninga og er að finna í ofangreindum lögum og viðauka í tengslum við fyrri aðildarsamninga.

Þess ber að geta að í forsiðu og greinargerð um sjávarútvegsmál að því er varðar samskipti við þriðju ríki og alþjóðastofnanir segir eftirfarandi: “Í áliti meirihluta utanríkismálanefndar Alþingis segir að afar mikilvægt sé að Íslendingar fari með samningsforræði við stjórn veiða úr deilistofnum eins og hægt er og tryggi þannig sem best réttindi Íslands til veiða úr þeim, en deilistofnar hafi orðið sífellt mikilvægari fyrir afkomu greinarinnar. Þá segir að leita þurfi leiða til að tryggja hagsmuni Íslands með beinum aðgangi að slíku samningsferli. Þar þurfi að tryggja að sú hlutdeild sem þegar hefur verið samið um haldist, auk þess sem nauðsynlegt sé að þrýsta á að samningum verði lokið um aðra stofna. Samningahópurinn um sjávarútvegsmál telur einnig mikilvægt að ræða möguleika á veiðirétti íslenskra útgerða á grundvelli samstarfssamninga ESB við þriðju ríki. Meirihluti utanríkismálanefndar telur rétt að látið verði reyna á það í hugsanlegum samningaviðræðum við ESB að Ísland haldi forræði sínu í sjávarútvegsmálum og tali eigin máli á vettvangi alþjóðastofnana í alþjóðasamningum með eins víðtækum hætti og unnt er enda um grundvallarhagsmuni þjóðarinnar að tefla efnahagslega.”

2. Aðstoð Evrópusambandsins við umsóknarríki með upplýsingamiðlun, tæknilegri aðstoð og fjárhagsaðstoð.

Gerðir um stuðning ESB við umsóknarríki er að finna í kafla 30. Þetta eru m.a. reglugerð um svokallaðan IPA-stuðning (e. *Instrument for Pre-accession Assistance*) sem er samheiti yfir þann stuðning sambandsins sem það býður umsóknarríkjum.¹²

Helsta markmið IPA-aðstoðarinnar er að veita skilgreindan stuðning til ríkja sem komin eru á ákveðið stig í umsóknarferli. Stuðningurinn snýr að aðstoð við að undirbúa ríki fyrir að

¹¹ Sjá greinargerð um sameiginlegu viðskiptastefnu ESB þar sem gerð er grein fyrir uppsögnum og breytingum á viðskiptasamningum ef til aðildar kemur.

¹² *Regulation (EU) No 540/2010 of the European Parliament and of the Council of 16 June 2010 amending Council Regulation (EC) No 1085/2006 establishing an Instrument for Pre-Accession Assistance (IPA).*

framkvæma reglur ESB og þátttöku í stefnum sambandsins á ýmsum sviðum. Evrópusambandið hefur skilgreint fimm áherslusvið sem snúa að: 1) innleiðingu regluverks og stofnanauppbyggingu, 2) samstarfi yfir landamæri, 3) byggðapróun, þar sem markmiðið er að undirbúa ríkin fyrir þátttöku í samheldnistefnumiðum ESB (e. *cohesion policy*) og aðkomu að tengdum sjóðum, 4) mannauðspróun, sem snýr að samheldnistefnumiðum ESB og undirbúningi fyrir væntanlega aðkomu að Evrópska félagsmálasjóðnum, 5) dreifbýlispróun, sem lýtur að undirbúningi þátttöku í sameiginlegri landbúnaðar- og dreifbýlispróunarstefnu ESB.

Í sinni einföldustu mynd er stuðningurinn sem um ræðir einkum þrens konar: Í fyrsta lagi í formi áætlana til eins árs í senn eða fleiri ára, svokallaðra landsáætlana. Þessar áætlanir eru sérsniðnar að viðkomandi umsóknarríki. Á grundvelli þessara áætlana eru svo skilgreind sérstök verkefni. Sem dæmi um verkefni sem hafa fengið stuðning úr sjóðnum eru verkefni sem miða að stuðningi við markaðseftirlit, nýsköpun og eflingu menntunar og atvinnu. Einnig er um að ræða hinar s.k. fjölþegaáætlanir ESB (e. *Multi-beneficiary Programmes*) sem er aðstoð sem nýtist fleiri en einu umsóknarríki. Þar er fjármunum ekki veitt til einstakra ríkja, en öllum umsóknarríkjum stendur til boða þátttaka. Ein útgáfa af þessum stuðningi, sem kalla má þriðju tegund IPA-aðstoðarinnar, er svo kölluð TAIEX aðstoð (e. *Technical Assistance and Information Exchange Instrument*) en hún felur m.a. í sér aðstoð sérfræðinga eða fjármögnun fræðslu- og kynnisheimsóknna í umsóknarferlinu. TAIEX aðstoð er að fullu fjármögnuð af ESB.

Undir kaflann falla einnig gerðir sem varða stofnun stöðugleikaferlisins á Balkanskaga (e. *Stabilisation and Association Process*) og samningar um Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu (e. *European Bank for Reconstruction and Development*). Einnig er að finna reglugerð um Fjármögnunarleið evrópskrar nágrannastefnu og samstarfsríkja (e. *European Neighbourhood and Partnership Instrument* (ENPI)). ENPI er tæki sem komið var á svo ESB gæti átt samstarf við nágrannarríki utan sambandsins, t.d. Alsír, Egyptaland og Georgíu og veitt þeim aðstoð á ákveðnum sviðum. Reglugerðin um ENPI tók gildi 2007 og er ætlað að gilda til ársins 2013. Er ætlunin með aðstoðinni að ýta undir samstarf þvert á landamæri og milli svæða á fjölda sviða. ESB sækist eftir að samstarfsríkin virði mannréttindi, frelsi, lýðræði og réttarríkið. Nánar er fjallað um reglugerðina í greinargerð um stefnu ESB á sviði þróunarsamvinnu, neyðar- og mannúðaraðstoðar.¹³

3. Talsmaður sameiginlegrar stefnu í utanríkis- og öryggismálum og utanríkisþjónusta Evrópusambandsins (e. *European External Action Service*)

Efni

Með sáttmála Evrópusambandsins (SE) og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins (SSE) varð til nýtt embætti háttsetts talsmanns sameiginlegrar stefnu ESB í utanríkis- og öryggismálum (hér eftir nefndur „talsmaður utanríkismála“) (*High Representative of the Union for Foreign Affairs and Security Policy*, eða ‘High Representative’).

¹³ Samstarfsríkin eru: Alsír, Armenía, Aserbaídsjan, Hvíta-Rússland, Egyptaland, Georgía, Ísrael, Jórdanía, Líbanon, Líbía, Moldóva, Marokkó, heimastjórnarsvæði Palestínnumanna, Rússland, Sýrland, Túnis og Úkraína.

Talsmaður utanríkismála ber ábyrgð á utanríkismálum sambandsins.¹⁴ Hann leggur fram tillögur um þróun utanríkis- og öryggismálastefnu sambandsins (CFSP) til ráðsins. Talsmaður utanríkismála veitir utanríkismálaráðinu (e. *Foreign Affairs Council*) forstöðu og er jafnframt einn af varaforsetum framkvæmdastjórnarinnar. Hann skal tryggja samræmingu í öllum utanríkistengslum sambandsins og er ábyrgur fyrir öllum málum innan framkvæmdastjórnarinnar sem varða utanríkismál.

Talsmaður utanríkismála kemur fram fyrir hönd ESB í málum tengdum sameiginlegu utanríkis- og öryggismálastefnunni. Hann á pólitísk samskipti og viðræður við ríki utan sambandsins og kemur stefnu sambandsins á framfæri á vettvangi alþjóðastofnana og á alþjóðlegum ráðstefnum.¹⁵

Utanríkisþjónusta Evrópusambandsins (e. *European External Action Service (EEAS)*) var formlega sett á laggirnar 1. desember sl. Það er sjálfstæð eining sem liðsinnir og starfar fyrir embætti talsmanns utanríkismála, framkvæmir sameiginlegu utanríkis- og öryggismálastefnu ESB og önnur svið utanríkistengsla ESB. Utanríkisþjónustan starfar með sendiskrifstofum aðildarríkjanna og samanstendur af fulltrúum frá skrifstofum ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar, auk fulltrúa úr utanríkisþjónustum aðildarríkjanna.

Verkefni

EEAS aðstoðar talsmann utanríkismála með að tryggja samræmingu og samhæfingu utanríkistengsla ESB, auk þess að undirbúa tillögur um stefnu og framkvæmd þeirra eftir að þær hljóta samþykki ráðsins. EEAS skal sömuleiðis aðstoða forseta Leiðtogaráðsins, forseta framkvæmdastjórnarinnar og framkvæmdastjórnina sjálfa í þeim málum sem tengjast utanríkistengslum. EEAS samanstendur af miðlægri stjórnsýslu og sendiskrifstofum ESB gagnvart þriðju ríkjum og alþjóðastofnunum.¹⁶

Samvinna

EEAS skal veita stjórnarereindrekum aðildarríkja ESB stuðning og eiga við þá samstarf. Sömuleiðis skal EEAS vinna náið með Evrópuþinginu og veita stofnunum ESB á sviði öryggis- og varnarmála (t.d. Evrópsku varnarmálastofnuninni (e. *European Defence Agency*), Gervihnattamiðstöð ESB (e. *European Union Satellite Centre*), Stofnun ESB í öryggisfræðum (e. *European Institute for Security Studies*) og Öryggis- og varnarmálaskóla Evrópu (e. *European Security and Defence College*)) aðstoð og vinna með þeim með sama hætti og aðalskrifstofa Ráðherraráðsins hefur gert fram til þessa.

Stjórnsýsla EEAS

Aðalframkvæmdastjóri (e. *Executive Secretary-General*) stýrir utanríkisþjónustunni, en aðalframkvæmdastjórinn heyrir undir talsmann utanríkismála og hefur yfirumsjón með stjórnsýslu EEAS. Önnur æðsta staðan er staða aðalrekstrarstjóra (e. *Chief Operating Officer*) Tveir aðstoðarframkvæmdastjórar starfa síðan til stuðnings aðalframkvæmdastjóra. Einnig eru þeir aðalrekstrarstjóra til aðstoðar.

Aðalskrifstofa EEAS skiptist efnislega eftir landfræðilegum viðfangsefnum og nær til allra landa eða svæða í heiminum, en auk þess er verkefnum skipt eftir málaflokkum.

¹⁴ 18. gr. SE.

¹⁵ 27. gr. SE.

¹⁶ Ákvörðun ráðsins um EEAS, nr. 427/2010 frá 26. júlí 2010

Undir EEAS falla ýmsir málaflokkar auk tvíhliða samskipta, svo sem hættustjórnun ESB (e. *crisis management*) og borgaraskipulag (e. *civilian planning*), starfsfólk hermála ESB (e. *EU Military Staff*) og Samhæfingarmiðstöð ESB (e. *EU Situation Centre*). Stjórnsýsla EEAS ræður einnig yfir deild sem fer með stefnumótandi áætlanagerð, lögfræðideild og sérstakri deild sem fer með málefni er varða ESB og milliríkjastofnanir, upplýsingamiðstöð, innri endurskoðunardeild, eftirlitsdeild og persónuupplýsingavörsludeild.

Sendiskrifstofur

Sendiskrifstofur ESB starfa með sama hætti og sendiráð í erlendum ríkjum og njóta réttinda á grundvelli Vínarsamningsins frá 1961. Þær skulu þjónusta aðrar stofnanir ESB, sérstaklega Evrópuþingið, í samskiptum þeirra við þriðja aðila. Yfirmaður sendiskrifstofu hefur rétt til þess að vera í forsvari fyrir ESB í því landi sem um ræðir hverju sinni. Sendiskrifstofur aðstoða aðildarríki við stjórnarerindrekstur þeirra og veita ræðismannþjónustu til borgara ESB í því ríki sem um ræðir hverju sinni. Það sem áður töldust vera sendinefndir framkvæmdastjórnarinnar víða um heim eru nú „sendiskrifstofur ESB“ og heyra undir utanríkisþjónustuna. Sendiskrifstofurnar eru staðsettar víða um heim, meðal annars á Íslandi, og eru nú 136 talsins.

Starfsfólk EEAS

Talsmaður utanríkismála fer með ráðningarvald. Embættismenn ESB og tímabundið starfsfólk sem kemur frá utanríkisþjónustum aðildarríkjanna skulu njóta sömu réttinda og gegna sömu skyldum og njóta jafnræðis. Þetta á sér í lagi við þegar hæfi er metið við stöðuveitingar og nýráðningar. Starfsfólk frá utanríkisþjónustum aðildarríkjanna sem eru á tímabundnum ráðningasamningi skulu vera þriðjungur alls þess starfsfólks EEAS sem starfar á stjórnunarstigi hið minnsta og embættismenn ESB að lágmarki 60%. Ráðið er í stöður eftir hæfni en jafnframt er jafnræði haft í huga við ráðningar, bæði með tilliti til jafns kynjahlutfalls sem og landfræðilegra þátta en áætlað er að starfsfólk verði frá öllum aðildarríkjum ESB (e. *geographical and gender balance*).

Fjárlög EEAS

EEAS er viðurkennd sem stofnun með tilliti til fjárlaga, sem þýðir að EEAS hefur umsjón með eigin fjárlagalið innan fjárlaga ESB. Fjárlagastjórnunarrámmi framkvæmdastjórnarinnar nær til EEAS varðandi fjármögnun verkefna (e. *operational expenditure*). Þetta á sérstaklega við fjárhagsaðstoðaráætlanir og þróunaraðstoð. Yfirmenn sendiskrifstofa hafa yfirráð yfir ákveðnum verkefnum sem falla undir fjárlögin.

Aðkoma og hlutverk talsmanns utanríkismála ESB á sviði utanríkistengsla

Talsmaður utanríkismála sér um pólitíska samræmingu í aðgerðum ESB á sviði utanríkistengsla og þá sérstaklega varðandi:

- Áætlun um þróunarsamvinnu (e. *the Development Cooperation Instrument*),
- Lýðræðis- og mannréttindaáætlun Evrópusambandsins (e. *the European Instrument for Democracy and Human Rights*),
- Evrópska nágranna- og samstarfssjóðinn (e. *the European Neighbourhood and Partnership Instrument*),
- Fjármögnunarleið um samstarf við iðnvædd ríki (e. *the Instrument for Cooperation with Industrialised Countries*),
- Fjármögnunarleið um samvinnu á sviði kjarnorkuöryggis (e. *the Instrument for Nuclear Safety Cooperation*),
- Stöðugleikagæringur, að því er varðar aðstoð sem gert er ráð fyrir í 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1717/2006 um að koma á fót

stöðugleikagerningi (e. *the Instrument for Stability, regarding the assistance foreseen in article 4 of Regulation (EC) n. 1717/2006 of 15 November 2006*).

EEAS sér um að aðstoða og reka tilgreindar stefnur og tryggja að markmiðum þeirra sé náð. EEAS sinnir jafnframt mikilvægu eftirliti með samvinnuverkefnum við aðila utan sambandsins (t.d. *EU external cooperation programmes*).

Mikilvægar gerðir

2010/427/: Council Decision of 26 July 2010 establishing the organisation and functioning of the European External Action Service

2010/427/: *Ákvörðun ráðsins frá 26. júlí 2010 sem setur á stofn utanríkisþjónustu Evrópusambandsins og mælir fyrir um virkni hennar (óopinber þýðing)*

REGULATION OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND THE COUNCIL amending the Staff Regulations of Officials of the European Communities and the Conditions of Employment of Other Servants of those Communities (á enn eftir að birta)

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins sem gerir breytingar á starfsmannareglum embættismanna Evrópubandalaganna og ráðningarkjör annarra starfsmanna þeirra bandalaga (óopinber þýðing)

REGULATION OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL amending Council Regulation (EC, Euratom) No 1605/2002 on the Financial Regulation applicable to the general budget of the European Communities, as regards the European External Action Service (á enn eftir að birta)

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins sem gerir breytingar á reglugerð ráðsins (EC, Euratom) nr. 1605/2002 á fjárhagsreglugerð sem gildir fyrir fjárlög Evrópubandalaganna, með tilliti til utanríkisþjónustu Evrópusambandsins (óopinber þýðing)

Áhrif

Utanríkisþjónustu ESB og talsmanni utanríkismála er ekki ætlað að hafa áhrif á getu aðildarríkja til að framfylgja sjálfstæðri utanríkisstefnu.¹⁷

Markmiðið með stöðu talsmanns utanríkismála er fyrst og fremst að straumlínulaga utanríkistengsl sambandsins og reyna þannig að koma í veg fyrir tvíverknað. Talsmaðurinn bregst við utanríkismálum á grunni ákvarðana sem teknar eru með einróma samþykki allra aðildarríkja. Talsmaðurinn og utanríkisþjónustan eru hugsuð sem viðbót, en eiga ekki að koma í stað sjálfstæðrar utanríkisstefnu eða aðgerða aðildarríkja á alþjóðavettvangi.

Ísland hefur um áratugaskeið átt gott samstarf við Norðurlöndin um aðstoð við borgara sína í ýmsum löndum þar sem ekki eru starfandi sendiráð af hálfu Íslands. Einnig hafa sendiráð Norðurlandanna annast meðferð og útgáfu Schengen vegabréfsáritana fyrir hönd Íslands á mörgum stöðum í heiminum. Hlutverk EEAS er meðal annars að aðstoða borgara allra aðildarríkja ESB og er þar um víðtækt net sendiskrifstofa að ræða.

4. Annað

Unnið er að gerð samantektar þar sem kortlagðar eru þær breytingar sem yrðu á þátttöku Íslands í alþjóðastofnunum ef til aðildar kemur.

¹⁷ Sjá slóðina: http://europa.eu/lisbon_treaty/faq/index_en.htm

